

AUGLÝSING**65**

25. maí

um afnám vegabréfsáritana.

Með orðsendingum sendiherra Íslands og sendiherra Írlands í London, dags. 19 og 20. maí 1949, munu vegabréfsáritanir vegna ferðalaga milli Íslands og Írlands verða felldar niður frá 1. júní 1949 að telja.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 25. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING**66**

30. maí

um staðfestingu alþjóðasamnings varðandi loftflutninga milli landa.

Hinn 21. ágúst 1948 tilkynnti sendiherra Íslands í Póllandi utanrikisráðuneyti Póllands í umboði forseta Íslands, að Ísland óskaði eftir að gerast aðili að alþjóðasamningi þeim um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá hinn 29. október 1929. Samkvæmt 38. gr. samningsins telst aðild Íslands frá og með 21. nóvember 1948.

Auk Íslands eru þessi ríki aðilar að Varsjársmningnum: Ástralía, Bandaríki Ameríku, Belgía, Brazílía, Bretland, Canada, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Júgóslavía, Lettland, Líbería, Liechtenstein, Mexíko, Noregur, Nýja-Sjáland, Pólland, Rúmenía, Sovétríkin, Spánn, Suður-Afrika, Svíss, Svíþjóð, Tékkóslóvakía, Ungverjaland og Þýskalaland.

Texti samningsins er birtur sem fylgiskjal með lögum nr. 41/1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 30. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING**67**

31. maí

um viðbótarsamning milli Íslands og Póllands.

Hinn 7. apríl 1949 var undirritaður í Varsjá viðbótarsamningur við pólsk-íslenska viðskiptasamninginn frá 14. júní 1948. Viðbótarsamningur þessi gildir til ársloka 1949.

Samkvæmt samningi þessum selja Íslendingar Pólverjum meðal annars 650 smálestir af gærum, 20000 tunnur af saltsild, en kaupa í staðinn 60000 smálestir